

Frammistöðumarkmið	Á -√ Ágætt - öllum markmiðum náð Til fyrirmyndar	G- ○ Gott - góð framvinda í náminu Góð framvinda	S -/ Sæmilegt- þarf að <u>taka</u> sig á í náminu Þarf að taka sig á	Ó - × Óviðunandi -þarfnast verulegra úrbóta Þarfnast verulegra úrbóta
Áhugi/vinnusemi <i>Leggur sig fram við námið Getur einbeitt sér. Hefur úthald til að ljúka verkefnum.</i>	Nem. leggur sig alltaf fram og einbeitt sér að náminu. Lýkur öllum verkefnum.	Nem. leggur sig fram og einbeitt sér að náminu og hefur oftast úthald til að ljúka verkefnum.	Nem. er annars hugar og er oft órólegur eða óvirkur. Hann lýkur ekki alltaf verkefnum.	Nem. er áhugalaus, hann vinnur ekki verkefni sem fyrir hann eru lögð. Hann er órólegur eða óvirkur í kennslustund.
Sjálfstæði/frumkvæði <i>Kemur sér af stað í vinnu Getur farið eftir fyrirmælum Leitar aðstoðar</i>	Nem. kemur sér sjálfur af stað í vinnu og fer eftir þeim fyrirmælum sem gefin eru. Leitar aðstoðar þegar hann hefur reynt sjálfur að leysa verkefnin.	Nem. kemur sér af stað til vinnu og fer eftir fyrirmælum í flestum tilfellum. Hann reynir oftast við verkefnin áður en hann biður kennara um aðstoð.	Nem. er oft lengi að koma sér að verki og tekur illa eftir fyrirmælum. Hann reyndir sjaldan við verkefni áður en hann biður um aðstoð.	Nem. tekur ekki upp gögn og það tekur hann langan tíma að koma sér að verki. Hann reynir ekki við verkefni áður en hann biður um aðstoð eða er óvirkur.
Samvinna/samskipti <i>Getur unnið með öðrum. Getur unnið með kennara. Gerir sér grein fyrir eigin ábyrgð. Virðir samskiptareglur.</i>	Nem. getur unnið með öllum bekkjarfélögum og kennara. Hann er virkur í hópnum án þess að vera með stjórnsemi. Er kurteis og tillitsamur.	Nem. getur unnið með flestum bekkjarfélögum og kennara. Hann vinnur í hópnum eins og til er ætlast. Er kurteis og tillitsamur.	Nem. Vinnur einungis í völdum hópi. Hann virðir ekki að öllu leyti samskiptareglur.	Nem. gengur illa að vinna með öðrum. Hann lendir í útistöðum við aðra og samlagast hópnum illa. Hann vill fara eigin leiðir og virðir sjaldan samsk.regglur.
Vinnubrögð/umgengni <i>Vandar frágang verkefna. Skipulögð vinnubrögð. Gengur vel um eigur sínar og annarra.</i>	Nem. vandar frágang verkefna og gengur skipulega um gögnin sín. Gengur vel um eigur sínar og annarra.	Nem. vandar frágang verkefna og gengur skipulega um gögnin sín í flestum tilfellum. Gengur vel um í eigur sínar og annarra í flestum tilfellum.	Nem. gengur oft hirðuleysislega um gögn sín og verkefni eða gleymir þeim heima. Gengur sjaldan frá eftir sig. Gengur sjaldnast vel um skólann.	Nem. er hirðulaus um gögn sín og verkefni. Gengur ekki frá eftir sig. Týnir hlutum og jafnvel skemmir sína hluti og annarra. Gengur illa um.
Heimanám Skilar heimanámi	Skilar alltaf heimanámi.	Skilar oftast heimanámi	Skilar sjaldan heimanámi	Skilar nánast aldrei heimanámi.
Námsframmistaða	Öllum markmiðum náð. Einkunn 10- 8,5	Flestum markmiðum náð. Einkunn 8,0- 6,0	Þarf að taka sig á. Vantar upp á markmið. Einkunn 6,0- 4,5	Þarfnast úrbóta. Vantar verulega uppá markmið. Einkunn undir 4,0